

Húseignir VFÍ ekki seldar

Á aðalfundi VFÍ sem haldinn var í mars sl. var m.a. samþykkt sú tillaga stjórnar að skipa starfshóp til að setja fram tillögur um hvernig nýta megi eigur félagsins til að efla verkfræðimenntun og kynna störf stéttarinnar. Stjórn VFÍ skipaði fimm manns í starfshópinn og voru það þau Gísli Pálsson, Guðrún Rögnvaldardóttir, Jóhann Gunnar Gunnarsson, Vífill Oddsson og Pétur Stefánsson sem leiddi hópinn. Hópurinn skilaði niðurstöðum sínum um ráðstöfun húseigna VFÍ við hugsanlega sameiningu VFÍ, TFÍ og SV í lok nóvember og var einhugur um að ekki skuli selja húseignina að Engjateigi 9. Hins vegar voru skiptar skoðanir um á hvern veg skuli farið með eignarhluta VFÍ að Engjateigi 7 og ef sá hluti yrði seldur yrði það gert í þeim tilgangi að stofna sjóð til að efla og vekja athygli á verkfræðistéttinni.

Í tillögu stjórnar VFÍ sem samþykkt var á aðalfundinum 2005 er einnig kveðið á um að stjórnin skuli leggja fram tillögur í þessum efnum á aðalfundi félagsins 2006. Í kjölfar niðurstöðu starfshópsins sem sagt er frá hér að framan var því lögmaður VFÍ, Ragnar Hall, fenginn til þess að útfæra tillögu þess efnis að stjórn VFÍ leggi til við aðalfund félagsins 2006 að stjórninni verði falið að selja eignarhluta félagsins í fasteigninni Engjateigur 7 í Reykjavík. Í tillögunni segir: „Andvirðið skal vera stofnfé sérstaks sjóðs, Verkfræðingasjóðsins, sem skal vera sérstök deild í félaginu og hafa það markmið að verðlauna verkfræðinga fyrir afburða vel unnin störf á sínu sviði og auka veg verkfræðimenntunar á þann veg sem stjórn sjóðsins telur best henta á hverjum tíma. Skal stjórn sjóðsins skipuð fimm verkfræðingum, en stjórn VFÍ skal setja sjóðnum skipulagsskrá sem starfað skal eftir”.

Á stjórnarfundum VFÍ þann 12. desember 2005 var þessi tillaga borin upp en hún hlaut ekki brautargengi innan stjórnar. Það er því ljóst að stjórn VFÍ mun ekki leggja fram neinar tillögur fyrir aðalfund félagsins 2006 þess efnis að selja húseignir félagsins.

Steinar Friðgeirsson, formaður VFÍ.